

Aukaaðalfundur Bergrisans bs 2018

Boðað er til aukaaðalfundar Bergrisans bs mánudaginn 18. júní 2018 kl. 14 í Ráðhúsi Árborgar, 3. hæð.

Dagskrá:

1. Setning
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara
3. Ársskýrsla 2017, María Kristjánsdóttir kynnir.
4. Ársreikningur 2017, Ingibjörg Garðarsdóttir kynnir.
5. Fundargerðir 30. til 33. fundar stjórnar Bergrisans bs.
6. Bygging sjö íbúða þjónustukjarna fyrir fatlaða.
Tillaga stjórnar Bergrisans bs. frá 33. fundi þar sem lagt er til að ráðist verði í byggingu sjö íbúða þjónustukjarna á Selfossi, sem Íbúðalánasjóður hefur samþykkt að veita stofnframlög fyrir.
7. Skipan byggingarnefndar vegna byggingar þjónustukjarna.
8. Úrræði fyrir börn með fjölþættan vanda.
Tillaga stjórnar frá 33. fundi þar sem lagt er til að keypt verði húsnæði fyrir nýtt úrræða fyrir tvo einstaklinga. María Kristjánsdóttir kynnir úrræðið.
9. Kosning stjórnar (þrír aðalmenn og þrír til vara, einn af hverju félagsþjónustusvæði).

Ásta Stefánsdóttir,
formaður stjórnar



FUNDARGERÐ

30. Fundar stjórnar byggðarsamlagsins Bergrisans bs.

Fundarstaður: Ráðhús Árborgar

Fundartími: Fimmtudagur 20. nóvember 2017 kl. 09.30

Mættir: Stjórnarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Ásgeir Magnússon. Auk þess sat Róbert Ragnarsson fundinn og einnig starfsmennirnir Ingibjörg Garðarsdóttir, María Kristjánsdóttir og Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir fundinn.

Ritari fundarins: Ásgeir Magnússon

Gerðir fundarins

1. Skýrsla Róberts Ragnarssonar, RR Ráðgjöf, vegna úttektar á Bergrisanum

Farið yfir skýrsluna og rætt um aðgerðir sem hægt er að ráðast í fljótlega til að ná betri árangri í rekstri þeirra stofnana sem undir Bergrisanum heyra.

Rætt um nauðsyn þess að gera þjónustuáætlanir bæði fyrir sjálfstæðuþjónustuaðilana og eins fyrir þær stofnanir sem sveitarfélögin reka. Með gerð þjónustuáætlana er hægt að byggja upp þjónustu og fylgja henni eftir í samræmi við þarfir þjónustuþega og í samræmi við þau lög og reglugerðir sem kveða á um það hvernig þjónustu á að veita. Stefna verður að því að SIS matið verði nýtt til viðmiðunar fyrir greiðslur til allra.

2. Erindi vegna NPA samnings, beiðni um fjölgun tíma

Fyrir liggur beiðni um hækkun á framlagi vegna aukinnar þjónustuþarfur úr 730 tímum á mánuði í 830 tíma.

Stjórnin samþykkir framkomna beiðni um fjölgun tíma og að hún gildi frá 1. ágúst 2017.

3. Beiðni Sólheima um að hækkunir sem taka eiga gildi um áramótin gildi frá 1. september 2017

Fyrir liggur beiðni frá Sólheimum um hækkun á framlagi sem samþykkt var á fundi 29. október taki gildi frá 1. september 2017.

Stjórnin fellst á að ganga frá samningi um þessar greiðslur frá 1. janúar 2018.

4. Bókun sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna málefna Skaftholts

Fram var lögð bókun frá sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Á fund sveitarstjórnar mættu fulltrúar Skaftholts sem leituðu stuðnings sveitarfélagsins vegna fjárvöntunar til rekstrar heimilisins. Erfitt er að átta sig á því hvað felst í bókun sveitarfélagsins.

Lagt fram til kynningar.

5. Heimsókn rekstraraðila Skaftholts og lögmanns þeirra

Á fundinn mættu fulltrúar rekstraraðila Skaftholts og með þeim var lögmaður heimilisins.

Í umræðum þeirra kom fram að mikil þörf er á auknu framlagi til reksturs heimilisins og var því lýst yfir á fundinum að verði ekki tekið tillit þeirra krafna sem fram hafa verið settar, verði heimilinu lokað.

Talsverðar umræður urðu á fundinum um rekstrarstöðu heimilisins án þess að skýr niðurstaða fengist.

Að loknum fundi með fulltrúum Skaftholts fór stjórnin yfir stöðuna.

Samþykkt að greiða verðbætur til Skaftholts vegna árána 2016 og 2017. Jafnframt var samþykkt að eingreiðslan sem greidd var í síðasta mánuði verði utan við þessar verðbætur.

Samþykkt var að þrýsta á nýjan félagsmálaráðherra um áframhald fundarins sem við áttum í september við Þorstein Víglundsson.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.10

Ásta Stefánsdóttir formaður

Aldís Hafsteinsdóttir

Ásgeir Magnússon

FUNDARGERÐ

31. Fundar stjórnar byggðarsamlagsins Bergrisans bs.

Fundarstaður: Ráðhús Árborgar
Fundartími: Fimmtudagur 11. desember 2017 kl. 14.30
Mættir: Stjórnarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Ásgeir Magnússon. Auk þess sátu Ingibjörg Garðarsdóttir, María Kristjánsdóttir og Helga Lind Pálsdóttir fundinn.
Ritari fundarins: Ásgeir Magnússon

Gerðir fundarins

1. Skýrsla Róberts Ragnarssonar, RR Ráðgjöf tillögur til úrbóta

Farið var yfir þær tillögur sem framkoma í skýrslunni. Ljóst er að aðeins lítill hluti þeirra tillagna og nauðsynlegru verkefna sem fram eru sett í skýrslu Róberts verður komið til framkvæmda af stjórn Bergrisans. Ekki verður því undan því vikist að verkefnaráða starfsmann tímabundið til að vinna úr þessum tillögum með stjórn. Áætlaður kostnaður við ráðninguna er kr. 5 milljónir.

2. Fundur með félagsmálaráðherra

Samþykkt var að óska strax eftir fundi með nýjum félagsmálaráðherra Ásmundi Einari Daðasyni til að fylgja eftir þeirri vinnu sem sett var af stað eftir fund með fyrrverandi félagsmálaráðherra Þorsteini Víglundssyni.

3. Vistheimilið í Kerlingardal.

Á fundinn mætti forstöðumaður heimilisins í Kerlingardal Karl Pálmason. Farið var yfir stöðu mála á heimilinu þar sem einungis eru tveir vistmenn eftir á heimilinu. Ljóst er að heimilið verður ekki rekið áfram með tveimur vistmönnum og enginn biðlisti er á Suðurlandi eftir vistun í Kerlingardal. Rætt var um fyrirkomulag þess að leggja heimilið í Kerlingardal niður. Ásta mun senda Karli formlegt bréf um uppsögn samninga við heimilið í Kerlingardal. Ljóst er að þeir vistmenn sem þar eru geta flust að Sólheimum, en eðlilega þarf sá flutningur aðlögum. Ákveðið að Helga Lind og starfsmenn félagsþjónustunnar kæmu að skipulagningu þeirra flutninga með Karli og starfsmönnum heimilisins strax á nýju ári. Varðandi fjárhagslega þætti málsins munum formaður stjórnar ásamt lögfræðingi heimilisins hittast sem fyrst til að ræða þá hlið málsins.

4. Fundargerðir þjónusturáðs.

Farið var yfir fundargerðir þjónusturáðs nr. 107, 108 og 109
Lagðar fram til upplýsinga

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.50

Ásta Stefánsdóttir formaður

Aldís Hafsteinsdóttir

Ásgeir Magnússon

32. Fundar stjórnar byggðarsamlagsins Bergrisans bs.

Fundarstaður: Ráðhús Árborgar

Fundartími: Miðvikudagur 14. febrúar 2018 kl. 13.30

Mættir: Stjórnarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Ásgeir Magnússon (í síma). Auk þess sátu þær María Kristjánsdóttir og Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir fundinn.

Ritari fundarins: Ásta Stefánsdóttir

Gerðir fundarins

1. Beiðni um endurskoðun á notendasamningi vegna VG

Samþykkt að greiða 8.133.000 kr sem heildargerðslu frá Bergrisa og sveitarfélaginu. Leitast verður við að fara með málið í farveg NPA innan 3ja mánaða. Greitt verður frá því að gengið verður frá nýju mati.

2. Staðfesting á möguleika Bergrisans til fjármögnunar þess hluta stofvirðis sem stofnframlag er ekki veitt til vegna byggingar nýs búsetuúrræðis

Stjórn Bergrisans staðfestir að sveitarfélögon hafa möguleika á að fjármagna þann hluta stofnvirðis sem stofnframlag er ekki veitt til. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs veitir styrki til þessa hluta.

3. Þjónustusamningur við Vinakot

Samningur samþykktur til sex mánaða. Í apríl þarf að liggja fyrir hvort verði framlengt.

4. Fundargerð 109. fundar þjónusturáðs

Lagt fram.

5. Fundargerð 110. fundar þjónusturáðs

Lagt fram.

6. Kynning á hugmyndum um þjónustuúrræði fyrir börn

Rætt var um möguleika á að koma á fót sérstöku úrræði fyrir börn sem glíma við mikinn vanda. María greindi frá úrræði í Mosfellsbæ. Rætt var um Vinakot. Maríu falið að kanna möguleika á að koma slíku úrræði á fót, áætla kostnað og kanna með framlög Jöfnunarsjóðs.

7. Fundur með rekstraraðilum Sólheima sl. föstudag, umræður

Rætt var um stöðu mála. Formanni falið að óska eftir fundi með velferðarráðherra.

Fundargerð.

33. fundar Bergrisans (þjónustusvæðis vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi.

Fundarstaður:	Ráðhús Árborgar
Fundartími:	Þriðjudaginn 8. maí kl. 9.15.
Mættir:	Stjórnarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Ásgeir Magnússon, enn auk þeirra sátu María Kristjánsdóttir og Ingibjörg Garðarsdóttir fundinn.
Ritari fundarins:	Ásgeir Magnússon ritaði fundargerðina í tölvu.

Málefni til umfjöllunar.

- 1. Beiðni Akraneskaupstaðar um skiptingu framlaga**
Stjórn Bergrisans synjar erindinu, enda er það verklag sem þar er kynnt ekki í samræmi við það sem tíðkast hefur í samstarfi sveitarfélaga.
- 2. Beiðni umleiðréttingu á greiðslum vegna VG**
Stjórn Bergrisans hafnar afturvirkum greiðslum en samþykkir að leiðrétta framlagið frá því að hækkun á SIS mati tók gildi.
- 3. Niðurstaða úthlutunarnefndar stofnframlaga vegna byggingar á 7 íbúða þjónustukjarna**
Stjórn Íbúalánasjóðs hefur samþykkt 18 % stofnframlag og 4% viðbótarframlag til byggingar á 7 íbúða þjónustukjarna á Selfossi. Stjórn Bergrisans leggur til við aukaáalfund að ráðist verði í byggingu þessa 7 íbúða þjónustukjarna.
- 4. Skipun bygginganefndar vegna bygginga á 7 íbúða þjónustukjarna**
Stjórnin samþykkti að leggja tillögu að byggingarnefnd fyrir aukaáalfund.
- 5. Fundargerð 111. fundar þjónusturáðs**
 - 2. Ósk um fjölgun stöðugilda á Selvogsbraut 1 í Þorlákshöfn.** Stjórn Bergrisans samþykkir að bæta við umbeðnu stöðugildi.
 - 3. Úrræði fyrir börn með fjölþættan vanda.** Þjónusturáðið leggur til að keypt verði húsnæði á Selfossi. Stjórn Bergrisans samþykkir að leggja til við aukaáalfund að keypt verði núsnaði undir nýtt úrræði fyrir tvo einstaklinga. Samþykkt að leggja inn hjá fasteingasölum lýsingu á hentugu húsnæði fyrir slíka starfsemi. Fjárfestingarkostnaður er áætlaður 45 – 50 milljónir og áætlaður rekstrarkostnaður ári 60 milljónir.
- 6. Breiðabólstaður, fundur með rekstraraðilum Breiðabólstaðar 25. apríl s.l. staða mála**
Upplýst var um að fundað hefur verið með rekstraraðilum Breiðabólstaðar um stöðuna á því heimili, en eitt laust pláss er á heimilinu og er það til skoðunar.
- 7. Sólheimar, tilkynning frá velferðarráðuneytinu um skipun sameiginlegs sáttasemjara til að leiða samningaviðræður við Sólheima.**
Stjórn Bergrisans fagnar því að Hermann Sæmundsson hafi tekið að sér þetta verkefni.

Enn eru laus pláss á Sólheimum og gengið hefur erfiðlega að fá stjórnendur þar til að taka inn íbúa. Stjórn Bergrisans telur óhjákvæmilegt að hefja lækkun á framlögum til Sólheima, verði ekki strax samþykkt að taka inn á heimilið íbúa af svæðinu í laus pláss.

8. Sambýlið í Kerlingardal, ársreikningur og staða mála, framlenging á samningi

Fram var lagt bréf frá Láru V. Júlíusdóttur lögmanni vegna stöðu mála í Kerlingardal. Einnig var lagður fram ársreikningur sambýlisins í Kerlingardal sem sýnir tap á rekstrinum upp á tæpar 2 milljónir á árinu 2017.

Stjórn Bergrisans harmar það hvað dregist hefur að ganga frá málum varðandi lokun staðarins og samþykkir að framlengja samning við Sambýlið í Kerlingardal til þriggja mánaða.

9. Skaftholt, staða mála

Lagður fram tölvupóstur vegna kröfu um greiðslur vegna næturvakta á heimilinu. Stjórn Bergrisans getur ekki orðið við framkominni kröfu.

10. Ársreikningur Bergrisans bs. 2017 - staða á vinnslu ársreiknings

Endurskoðendur eru ekki tilbúnir með ársreikning Bergrisans. Samþykkt að boða til aukaaðalfundar **mánudaginn 18. júní, kl 14.00 á Selfossi**. Sveitarstjórnir eru minntar á að kjósa þarf fulltrúa til setu á aðalfundi byggðarsamlagsins á fyrsta fundi nýrrar sveitarstjórnar. Um kjör á aðalfund Bergrisans gilda sömu reglur og um kjör á aðalfundi SASS. Á aukaaðalfundinum verður tekin fyrir ársreikningur Bergrisans bs. fyrir árið 2017 og einnig þau erindi sem vísað er til fundarins á þessum fundi.

11. Ársskýrsla Bergrisans bs. staða á vinnslu ársskýrslu.

Ársskýrsla verður kynnt á aukaaðalfundinum.

12. Fundargerð 112 fundar þjónusturáðs

Lagt fram til kynningar.

13. Önnur mál

Ásta Stefánsdóttir

Aldís Hafsteinsdóttir

Ásgeir Magnússon

6



Bergrisinn bs.
Austurvegi 2
800 Selfossi

Reykjavík, 19. mars 2018
Tilvísun: 1701752

Efni: Niðurstaða úthlutunarnefndar stofnframlaga

Vísað er til umsóknar Bergrisans bs. um stofnframlag á grundvelli laga um almennar íbúðir nr. 52/2016. Sótt er um stofnframlag til byggingar á 7 íbúða íbúðakjarna fyrir einstaklinga með fötlun og er áætlað heildarstofnvirði byggingarinnar samkvæmt umsókn kr. 232.868.799,-. Sótt er um 18% stofnframlag og 4% viðbótarframlag vegna þess hvaða hópi íbúðirnar eiga að þjóna.

Úthlutunarnefnd hefur yfirfarið umsóknina og metið m.a. forsendur umsóknar um stofnvirði, hagkvæmni, fjármögnun, viðskiptaáætlun, leiguverð og þörf á leiguhúsnæði, bæði fyrir fatlaða leigjendur og fyrir leigjendur undir tekju- og eignamörkum á viðkomandi svæði.

Samkvæmt umsókn Bergrisans bs. er eins og áður segir áætlað að byggja 7 íbúða búsetukjarna fyrir einstaklinga með fötlun. Úthlutunarnefnd telur stærð íbúða skv. umsókn vera í samræmi við þau stærðarviðmið sem nefndin telur hagkvæm, en samkvæmt umsókn eiga allar íbúðir búsetukjarnans að vera 50 m² tveggja herbergja íbúðir.

Almennar íbúðir skulu vera eins hagkvæmar og aðstæður leyfa í því skyni að unnt verði að leigja þær á viðráðanlegum kjörum, líkt og fram kemur í 17. gr. laga um almennar íbúðir nr. 52/2016. Þegar um byggingu er að ræða ræðst hagkvæmni annars vegar af samanburði á stofnvirði íbúðar samkvæmt umsókn og stofnvirði almennrar íbúðar samkvæmt 11. og 12. gr. reglugerðar nr. 555/2016. Telja verður að almenn íbúð geti ekki verið hagkvæm ef stofnvirði samkvæmt umsókn er hærra en stofnvirði samkvæmt 11. og 12. gr. reglugerðarinnar, nema ef sá kostnaður sem er umfram er nauðsynlegur m.t.t. sérstakra aðstæðna þeirra leigjenda sem framkvæmdaaðili hyggst leigja til. Í slíkum tilvikum er Íbúðalánasjóði heimilt að veita undanþágu frá hámarksbyggingarkostnaði almennrar íbúðar, sbr. 4. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar. Mat á hagkvæmni ræðst hins vegar af stærð og gerð íbúðar með tilliti til þarfar fyrir viðkomandi íbúðagerð og stærð á svæðinu.

Áætlaður byggingarkostnaður samkvæmt umsókn Bergrisans bs. er talsvert umfram hámarksbyggingarkostnað skv. áðurnefndu ákvæði 12. gr. reglugerðarinnar, en sótt var um undanþágu skv. 4. mgr. 12. gr. á grundvelli þess að um væri að ræða íbúðir fyrir fólk með sérstakar stuðningsþarfir og þar með væru margir fermetrar utan íbúða og framkvæmdin kostnaðarsamari. Við mat á hagkvæmni var áætlaður kostnaður samkvæmt umsókn borinn saman við sambærileg verkefni og er niðurstaðan sú að kostnaðaráætlun sé eðlileg í þeim samanburði.

Niðurstaða úthlutunarnefndar er að samþykkja umsókn Bergrisans bs. með breyttum forsendum. Breyttar forsendur fela í sér að stofnvirði er lækkað á grundvelli rýmisskiptingar samkvæmt minnisblaði, dags. 29. mars 2017, sem unnið var af fulltrúum velferðarráðuneytis, Íbúðalánasjóðs, Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga,

Félagsbústaða og Sambands Íslenskra sveitarfélaga vegna byggingar sambýla fyrir fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir, sbr. einnig nýsamþykktar breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Var það niðurstaða hópsins að veita skuli stofnframlag ríkisins að fullu vegna fermetra sem teljast til íbúðar, en framlög vegna rýma sem flokkast undir aðgengi, sameign og samveru geti skipst til helminga á milli ríkis (Íbúðalánasjóðs) og Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Það hlutfall stofnvirðis sem Íbúðalánasjóður veitir stofnframlag til samkvæmt þeirri rýmisskiptingu er 79,38%. Í samræmi við niðurstöðu vinnuhóps er ekki gert ráð fyrir stofnframlagi vegna lóðar og tengdra gjalda og stofnvirði því leiðrétt sem nemur þessum þáttum.

- a. Samþykkt stofnframlag reiknast sem hlutfall af þannig leiðréttu stofnvirði og er samtals kr. 38.361.315,-.

	Umsókn	Leiðrétt stofnvirði skv. minnisblaði
Stofnvirði samtals kr.	232.868.799	219.673.799*
18% stofnframlag	41.916.384	31.386.530
4% viðbótarframlag	9.314.752	6.974.785
Stofnframlag samtals	51.231.136	38.361.315


*Hlutfall stofnvirðis sem Íbúðalánasjóður veitir stofnframlag til skv. rýmisskiptingu minnisblaðsins er 79,38 % m.v. námundun að tveimur aukastöfum.

- b. Stofnframlag ríkis skal endurgreitt þegar þau lán sem tekin verða til að standa undir fjármögnun íbúðanna hafa verið greidd upp.
- c. Stofnframlagshafi skuldbindur sig til að lýsa því yfir, eigi síðar en 19. apríl 2018 að hann muni geta fjármagnað þann hluta stofnvirðis sem ekki er veitt stofnframlag til, með eiginfjárframlagi eða öðrum hætti þannig að það komi ekki til með að hafa áhrif á leiguverð til hækkunar né raska á neinn hátt rekstrargrundvelli íbúðanna. Stofnframlagshafi getur e.a. sótt um framlag úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í samræmi við áður nefnt minnisblað og á grundvelli niðurstöðu þessarar.
- d. Þinglýsa skal á viðkomandi fasteign kvöð um veðsetningarbann og takmarkanir á heimildum til afnota.
- e. Umsækjandi skal undirrita samning við Íbúðalánasjóð þar sem kveðið er á um helstu réttindi og skyldur aðila í tengslum við veitingu stofnframlagsins.

Ákvörðun þessi er kæránleg á grundvelli 24. gr. laga nr. 52/2016 til úrskurðarnefndar velferðarmála að því leyti sem ekki er fallist á umsóknina. Fer um kærana samkvæmt lögum nr. 85/2015 um úrskurðarnefnd velferðarmála, en skrifleg kæra skal hafa borist nefndinni innan þriggja mánaða frá því að aðila er tilkynnt um ákvörðun, sbr. 5. gr. laganna. Þá getur aðili máls getur átt rétt á endurupptöku þess og er í því samhengi m.a. vísað til 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og þeirra skilyrða sem þar koma fram, en beiðni um endurupptöku þarf að berast Íbúðalánasjóði.

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,



Hermann Jónasson, forstjóri

8

Skýringar með útreikningi á vaktavinnu vegna búsetuúrræðis fyrir börn

Annars vegar er um að ræða vetrarplan sem er 9 mánuðir eða þegar börnin eru í skóla og er það skjalið sem þið fenguð.

Hins vegar þarf að gera ráð fyrir sumarfríum starfsmanna og auka við starfsfólki vegna aðstoðar allan sólarhringinn en í vetarplaninu er ekki gert ráð fyrir starfsmönnum frá kl.8-12 (tveir starfsmenn) og frá 12-16 (einn starfsmaður).

Gert er ráð fyrir að forstöðumaður og deildarstjóri leysi hvor annan af en gera verður ráð fyrir einhverjum kostnaði þar sem þeir ganga vaktir og því er gert ráð fyrir 1 mánuði á hvorn þeirra.

Vetrarvaktir:

Forstöðumaður =	7.516.000 kr.
Deildarstjóri =	7.055.000 kr.
Starfsmaður =	21.997.000 kr.
Alls	36.568.000 kr.

Sumarvaktir:

Forstöðumaður 1 mánuður í sumarfrí = 630.000 kr.

Deildarstjóri í 1 mánuður í sumarfrí = 590.000 kr.

Starfsmaður í 1,5 stöðugildi til að mæta aukinni viðveru í 4 mánuði = 2.680.000 kr.

Starfsmaður í 3,78 stöðugildum í 4 mánuði vegna sumarafleysinga = 1.833.000 kr.

Heildarkostnaður vegna launa- og launatengdra gjalda 42.301.000 kr.

Fagteymi þjónusturáðs hefur sett saman tillögur að hugmyndum sem einkenna ætti starfsemi skammtíma-/búsetuþjónustu fyrir börn með alvarlegar þroska- og hegðunaraskarnir.

1. Markmið, gildi, viðhorf og framkvæmd þjónustunnar

1a. Markmið: Að veita fjölskyldumiðaða þjónustu sem mætir þörfum barna og fjölskyldna fyrir sértæka þjónustu. Að auka lífsgæði barnanna, þátttöku þeirra í samfélaginu og bæta líðan þeirra.

- Hver fjölskylda er einstök og er burðarásinn í lífi hvers barns og skal hún því vera þungamiðja þjónustunnar.
- Þarfir fjölskyldunnar fyrir þjónustu eru hafðar að leiðarljósi við skipulagningu á allri þjónustu við barn og fjölskyldu.
- Styðja þarf foreldra í hlutverki sínu og eru góð samskipti fagfólks og foreldra þýðingarmikill þáttur í því.

1b. Gildi: að stuðla að jákvæðum og uppbyggjandi tengslum við börn og fjölskyldur.

- Að eiga góð og gagnkvæm tengsl við börn og fjölskyldur þeirra sem styrkir sjálfsmynd, eykur vellíðan og velgengni barnanna.
- Að veita leiðsögn og umönnun af skilyrðislausri umhyggju í garð barnanna og stuðla að sjálfstæði þeirra.
- Að skapa aðstæður til að börn og fjölskyldur geti lifað innihaldsríku lífi og egi uppbyggjandi samskipti.

1c. Viðhorf: að leitast við að skapa jákvæð viðhorf í samfélaginu

- Með þátttöku barnanna í samfélaginu og samtali við nærumhverfið stuðlum við að jákvæðum viðhorfum í garð þjónustunnar.
- Að starfsfólk og foreldrar leiti lausna á jafningjagrundvelli í flóknu uppeldishlutverki og stuðli þannig að valdeflingu foreldranna sem og að ýta undir góð samskipti.

1d. Framkvæmd þjónustunnar: við framkvæmd þjónustunnar sé unnið að sameiginlegum markmiðum foreldra og fagfólks um hvað barninu sé fyrir bestu.

- Að sammælst sé um þá eiginleika eða færni sem þeir vilja sjá hjá barninu.
- Styðja skal börn við að rækta styrkleika sína og leiðbeina þeim við að takast á við aðstæður sínar og umhverfi.
- Veita skal börnum stuðning til að efla sjálfstæði sitt og taka ákvarðanir til jafns við jafnaldra sína, eins og frekast er unnt.
- Að notaðar séu viðurkenndar og gagnreyndar leiðir í uppeldi og til að leiðrétta krefjandi hegðun sem upp kann að koma.

FÉLAGSPJÓNUSTA
RANGÁRVALLA- OG VESTUR SKAFTAFELLSSÝSLU
Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella, s. 487-8125

Hella, 30.04.2018

Mögulegur stofnkostnaður vegna stofnunar úrræðis í Málaflokki fatlaðs fólks.

Stefnt er að því að koma á fót úrræði fyrir tvo einstaklinga með fjölþættan vanda á þjónustuvæði Suðurlands. Í slíku úrræði væri gert ráð fyrir tveim ungum einstaklingum í búsetu og starfsmönnum þ.a..m með næturvakt.

Við stofnun úrræðisins þyrfti að kaupa inn allt innbú í húsnæði með þremur svefnherbergjum.

Stór heimilstæki svo sem þvottavél, þurkara, ískáp og uppþvottavél. Lítil heimilstæki og borðbúnað. Önnur heimilstæki sem gera þarf ráð fyrir eru svo sem sjónvarp, talva og prentari. Þá þyrfti að kaupa húsgögn svo sem sófa, rúm, fataskápa, náttborð, eldhúsborð og stóla. Gera þarf ráð fyrir fjármagni til að kaupa ýmisa litla hluti svo sem sem handklæði, tuskur og viskustykki. Ásamt því að kaupa hluti til að gera heimilið hlýlegt og heimilslegt, svo sem myndir á vegg.

Fyrir lá áðurgert mat á stofnkostnaði vegna búsetuúrræðis og var þar gert ráð fyrir 2.100.000 til kaupa á innbúi. Í þeim kosnaði var ekki tekið sérstaklega tillit til kosnaðar varðandi minni hluti. Í samtali við tryggingamiðstöðina kom fram að algengt er að einfalt innbú einstaklins er um 3- 4 milljónir. Af framansögðu er því skynsamlegt að gera ráð fyrir 3 milljónum vegna stofnkostnaðar á innbúi.

Helga Lind Pálsdóttir, félagsráðgjafi MA